


KYNNING

Konan og garðurinn - í Hlöðunni að Kvoslæk í Fljótshlíð

Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt flytur fyrirlesturinn **Konan og garðurinn** í Hlöðunni að Kvoslæk í Fljótshlíð laugardaginn 20. júlí klukkan 15.00.

Fyrirlesturinn er öllum opin og að honum loknum eru kaffiveitingar.

Skammt innan við Kvoslæk í Fljótshlíðinni er Guðbjargargarður í Múlakoti – landsfrægur garður frá 1897 sem er opin gestum.



Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt (f 1941) var einn stofnenda teiknistofunnar Landmótunar, um hríð garðyrkjustjóri hjá Kópavogsbæ og dósent í hlutastarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri þar sem hann hefur kennt landslagsarkitektúr, garðhönnun og umhverfisskipulag.

Einar E. Sæmundsen er höfundur bókarinnar *Ad búa til ofurlítinn skemmtigarð* sem Hið íslenska bókmenntafélag gaf út undir lok síðasta árs.

Bókin er einstakt yfirlitsverk um sögu og þróun íslenskrar garðhönnunar eða landslagsarkitektúrs. Þar er umhverfismótunin sett í samhengi við rætur íslenskrar menningar og tengd alþjóðlegum straumum og stefnum. Bókin er ríkulega skreytt myndum og teikningum og reisir Einar fyrirlestur sinn á henni.